



GeoGebrudagur

Málþing á Menntavísindasviði HÍ

17. ágúst 2011

Dagskrá:

Kl. 9.15 – 10.45 Námskeið fyrir byrjendur - Freyja Hreinsdóttir.

Kl. 9.15 – 10.45 Vinnustofa fyrir lengra komna - Ingólfur Gíslason og Valgarð Már Jakobsson.

kl. 11.00 – 12.00 Um GeoGebra, ný útgáfa, samfélag ofl - Freyja Hreinsdóttir

Matarhlé

Kl. 13.00 – 14.30 Kennarar kynna notkun sína á GeoGebra í kennslu

- ✓ Guðrún M. Jónsdóttir Kvennó
- ✓ Bjarnheiður Kristinsdóttir MH
- ✓ fleiri?

Kl. 14.30 Kaffi og spjall um GeoGebra á Íslandi (þessi dagskrárliður verður fluttur fram ef ástæða er til).

Þátttökugjald er krónur 5000 og verður það innheimt á staðnum í reiðufé. Ókeypis fyrir þá sem eru tilbúnir til að flytja stutta kynningu á því hvernig þeir nota GeoGebra í kennslu. Ef ágóði verður af málþinginu rennur hann til Íslensku GeoGebrustofnunarinnar.

Skráning fer fram í tölvupósti á freyjah@hi.is. Látið vita hvort þið viljið fara á byrjendanámskeið eða vinnustofu og einnig ef þið hafið áhuga á að kynna eigin notkun. Málþingið er haldið í Stakkahlíð en nákvæm staðsetning verður send þeim sem skrá sig daginn fyrir málþingið (það fer eftir fjölda þátttakenda hvaða stofur verða notaðar).

Nánari upplýsingar um dagskrá

Námskeið fyrir byrjendur: Þetta er hugsað fyrir þá sem hafa aldrei eða nánast aldrei notað GeoGebra áður. Farið verður í helstu grundvallaratriði varðandi notkun forritsins.

Vinnustofa fyrir lengra komna: Við kynnum tilraun til að kenna fallahugtakið í framhaldsskóla með því að nemendur vinna á virkan hátt með rúmfræðilegar myndir og hugtök. Til dæmis flatarmál og ummál fernings sem föll af einni hliðarlengd. Þannig fást nánast áþreifanlegar framsetningar á stærðfræðilegum hugtökum sem nemendur geta búið til, kannað og leikið sér að. Með þessu vonumst við til þess að nemendur upplifi menntandi reynslu, í skilningi Deweys, þannig að þeir tengi það sem þeir gera við hluti við áhrifin sem það hefur. Þetta gefur þeim færi á að skynja þau stærðfræðilegu tengsl sem þeir svo þurfa að ígrunda. Í vinnustofunni munu þátttakendur skoða og reyna sig við stærðfræðiverkefni.

Um GeoGebra: Fjallað verður um nýja útgáfu forritsins, GeoGebra 4.0 og þá möguleika sem hún býður upp á. Einnig um samfélagið kringum GeoGebra og efni á vefnum tengt því, norrænt samstarfsnet og ráðstefnur og námskeið sem eru á döfinni.

Kynningar kennara: Örstuttar kynningar þar sem kennara kynna eigin notkun.

Spjall um GeoGebra á Íslandi: Þetta er hugsað sem óformlegt spjall um það hvernig við getum notað GeoGebra hér á Íslandi og hvort þátttakendur hafi áhuga á samstarfi sínu milli á komandi skólaári.